



Grunnskóli Fjallabyggðar

Námsval haustönn 2023, útskýringar

Val A (tímabilið frá hausti og fram að áramótum, 1 klst á viku)

Prjónað og heklað (María Sölva): Bæði fyrir byrjendur og lengra komna, allir fá verkefni við sitt hæfi. Einföld verkefni fyrir þá sem lítið kunna en langar að spreyta sig og byrja frá grunni.

Ræktin (Hallgrímur): Í líkamsræktarvali förum við yfir tæknina í helstu lyftunum: hnébeygja, réttstöðulyfta, bekkpressa o.fl. og vinnum að því að gera einstaklingsmiðuð prógröm fyrir hvern og einn sem miða að markmiðum hvers og eins.

Mósaik (Brynhildur): Nemendur læra að leggja mósaik á tré eða glerflöt og vinna með þau verkfæri sem þarf að nota til þess að leggja mósaik. Nemendur vinna að eigin hugmyndum við verk sín og skipulagningu.

Stuttmyndagerð (Dóra): Það að gera stuttmynd gerir nemendur læsari á þann mikilvæga miðil sem kvikmynd er. Farið verður yfir helstu grundvallaratriði kvikmyndagerðar. Nemendur læra um meðferð á og umgengni við tækjabúnað, fá hugmynd að sögusviði, persónugerð og tegund sögu. Þeir þjálfast í að búa til handrit, undirbúa, leika og leikstýra stuttmyndunum. Að lokum þarf svo að klippa saman upptökur og skila af sér fullbúinni stuttmynd.

Útivistarval (Mæja Leifs): Þetta er fjölbreytt útivera og hreyfing. Þar sem valið er frá hausti og fram að áramótum verður boðið upp á bæði vetraríþróttir, s.s. skíði og skauta, auk hefðbundinnar útivistar, fer samt allt eftir veðri. Með hefðbundinni útivist er átt við fjallgöngur, útileiki, sundleiki, sjósund, kajak o.fl. Valið verður að einhverju leiti í lotum, þ.e. suma daga verður valið í 2 klukkutíma eða jafnvel 3, en í staðinn verður þá frí næsta/næstu mánudaga á eftir. Þeir sem velja þetta verða að vera tilbúnir fyrir svona sveigjanlega tíma.

Þátttaka metin: Nemendur fá metna tómsundaiðkun utan skóla í staðin fyrir valgrein. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómsunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.

Val B og C (tvö tímabil í hvoru vali fram að áramótum)

Fluguhnýtingar (Arnheiður): Í þessu vali læra nemendur undirstöðuatriði í fluguhnýtingum og þeir hnýta nokkrar gerðir af flugum. Einnig fá þeir að hanna sínar eigin flugur.

Rafíþróttir (Hallgrímur): Tímarnir verða byggðir svipað upp eins og æfingar í rafíþróttum þar sem lögð verður áhersla á heilbrigða spilahætti, samvinnu, samkipti og liðsheild. Tímarnir fara fram í MTR.

Spilaval/púsl (Dóra): Nemendur mæta í spila/púsl smiðju einu sinni í viku. Nemendur fá að kynnast nokkrum tegundum spila, t.d. samvinnu-, samskipta- og handspilum.

Hugleiðsla (Arnheiður): Í hugleiðslu koma nemendur sér vel fyrir og æfa sig í núvitund og samkennd. Það felur í sér að einbeita sér að augnablikinu með ásetningi og án þess að dæma. Þjálfun í núvitund getur haft jákvæð áhrif á almenna líðan og dregið úr streitu, kvíða og depurð.

Piparkökuhúsagerð (María Sölva): Nemendur hanna og búa til piparkökuhús, -byggingu, -höll, -bíl, eða hvað sem þeim hugkvæmist að baka úr piparkökudeigi. Þeir skreyta það svo að vild, en skreytingaefni koma nemendur sjálfir með, hvort sem það er hið hefðbundna sælgæti eða eitthvað annað. Í lok valsins verður flottasta/frumlegasta "húsið" valið og verðlaunað fyrir það. Nemendur ráða hvort þeir vinni einir eða með félagamönnum.

Bakstur (María Sölva): Í þessum áfanga ætlum við að baka ýmiss konar kökur og brauð sem nemendur geta tekið með sér heim til að gæða sér á í kaffitímanum.

Hollt, gott og einfalt (María Sölva): Búum til holla og bragðgóða rétti, millimál og orkubita, breytum uppskriftum og gerum þær hollari. Lærum að lesa á umbúðir og velja okkur frekar það sem er hollara. Prófum að gera glutenlaust, grænmetis og veganrétti.

Fjármálafræðsla (Silla Guðna): Markmiðið er að auka fjármálalæsi nemenda svo þeir verði upplýstari og meðvitaðri neytendur. Skoðað verður hvað það kostar að vera unglingsmaður í dag. Einnig verður farið í ýmis hugtök s.s. persónuafslátt, laun, sparnað, stéttarfélag og lífeyrisréttindi. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og verkefnavinnu.

Freestyle-dans (Sylvie): Freestyle er bæði einstaklings- og hópdansar, þar sem nemendur læra taktvísi við nútímatónlist, dansspuna og danshönnun. Áhersla er lögð á tækni, styrk og liðleika.

Franska (Sylvie): Franskan er ætluð byrjendum, með áherslu á framburð, undirstöðuatriði í málfræði og að byggja upp orðaforða.

Þýska (Cristiane): Þýskan er ætluð byrjendum, með áherslu á framburð, undirstöðuatriði í málfræði og að byggja upp orðaforða.

Fatahönnun(Brynhildur): Nemendur teikna og hanna sína eigin flík frá grunni út frá ferli og hugmyndavinnu fatahönnunar. Unnið verður með skissubók þar sem sýna þarf fram á þróunarferli frá hugmynd til hönnunar. Nemendur læra máltöku, sníðagerð, umhirðu véla og mismunandi ferli hönnunar bæði með og án gínu og hvernig er hægt að nota draperingu í sníðagerð. Flíkin er unnin í léreft og gerðar eru breytingar eftir máli áður en hún er fullunnin í því formi sem hún á að vera. Mat verður lagt á vandvirkni, hönnunarferli, skyssubók, prufum og 1 flík. Áætlað er að farið verði eina vettvangiferð yfir veturinn. Í lok áfangans eiga nemendur að geta unnið með grunnsnið, gert breytingar eftir máli og fullunnin flík eftir hugmynd.

Zumba (Marta): Zumba er sambland af dansi og fitness með suðrænni sveiflu. Sporin eru einföld og tónlistin er grípandi og í tímunum er slegið saman skemmtun og líkamsrækt. Zumba er fyrir alla sem vilja skemmta sér vel, dansa við góða tónlist og sleppa fram af sér beislinu.

Tímavélin (Birgitta): Markmið námskeiðsins er að leika sér með söguna,kafa dýpra í það sem gerðist ásamt því að velta fyrir sér hvernig hún hefði getað orðið. Fjölmörg og ólík atriði verða skoðuð en einnig er rými fyrir áhugasvið nemenda til að skína í gegn. Kennslustundir verða fjölbreyttar og miða að því að tímarnir séu lifandi og skemmtilegir. Nemendur kynnast ólíkum atburðum og persónum í sögunni, horfi gagnrýnum augum á söguna og taki þátt og þjálfist í umræðum og samræðu.

Árbók (Birgitta): Í þessu vali vinnum við skemmtilega og fallega árbók/ársrit með myndum og texta um alla nemendur í 8.-10. bekk sem verður gefin til allra sem útskrifast. Safnað verður auglýsingum og styrkjum til útgáfu bókarinnar. Við vinnum í útgáfuteymi og hópa- og samvinna er mjög mikilvæg.

Skapandi skrif (Birgitta): Nemendur geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og verið óhrædd við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. Nemendur spreyta sig í skapandi skrifum ásamt því að læra undirstöðuatriði þeirrar vinnu undir leiðsögn kennara.

Vatnslitamálun (Birgitta): Kynntar verða helstu aðferðir í vatnslitamálun og verkefni unnin út frá þeim. Markmið áfangans er að nemendur geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni, geti tjáð skoðanir og tilfinningar í eigin sköpun, geti sett fram hugmyndir byggðar á eigin ímyndunarafli og að nemendur geti sýnt frumkvæði í góðri umgengni, frágangi og vinnusemi.

Jólaval (Kristín/Birgitta): Nemendur hanna og búa til jólaskraut og komast saman í jólagírinn. Hægt verður að búa til jólagjafir handa fólkinu sínu, skreyta skólann, fönndra jóladót og njóta þess bara að vera saman í kósý og jólastemmara

Skartgripasmíði (Kristín): Nemendur læra að hanna sína eigin skartgripi og/eða annað að eigin vali. Mikilvægt er að nemandi geti unnið að verkefni sínu sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Í skartgripahönnun læra nemendur hugmyndavinnu, skissu-teikningu, efnisval, útsögun í málm, kveikingu, þjölun og póleringu.

Íslenskar kvikmyndir (Kristín): Við horfum á nokkrar perlur úr íslenskri kvikmyndagerð. Lagt verður fyrir bóklegt próf upp úr hverri mynd og því mikilvægt að nemendur fylgist vel með. Markmið eru að nemendur þjálfí og beiti gagnrýna hugsun og kynnist íslenskri kvikmyndamenningu

Aðstoð í frístund (grunnskólinn): Nemendum gefst kostur á að aðstoða og fylgjast með starfinu í frístund GF þar sem nemendur 1.-4. bekkjar eru við leik og störf. Oft er um að ræða spil, föndur, frjálstan leik og útivist. Nemendur í þessu vali taka rútu til Siglufjarðar og klára daginn þar.

Aðstoð á leikskóla (Leikskólar/Leikhólar): Nemandi mætir í leikskólann þar sem hann fær að kynnast starfi leikskólakennarans. Nemandi hjálpar til við hin ýmsu störf og kynnist venjum og háttum skólans. Valið fer fram bæði á Siglufirði og Ólafsfirði.

Ísfell – netagerðarverkstæði: Nemandi mætir á netagerðarverkstæðið Ísfell í Ólafsfirði og fær að kynnast þeirri starfsemi sem þar fer fram og læra undirstöðuatriði í netagerð undir handleiðslu netagerðarmeistara.

MTR – knattspyrna: Viðfangsefni áfangans er knattspyrna og áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er á knattspyrnu fyrir byrjendur upp að 16 ára aldri. Í áfanganum verður farið í grunnatriði greinarinnar og nemendur þjálfá ýmis grunntækniatriði s.s. knattmeðferð, knattrak, sendingar, skot og gabbhreyfingar. Efni tengt viðfangsefninu verður sett á kennsluvef og nemendur vinna fjölbreytt verkefni, bæði verkleg og bókleg, ýmist einir eða í hóp undir leiðsögn kennara. Einingafjöldi 2.

Þátttaka metin: Nemendur fá metna tólmstundaiðkun utan skóla í stað valgreinar. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tólmstunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.